

Afbrotatölfræði 2017

1. janúar—31. desember 2017

Bráðabirgðatölur

Útgefið af:

Ríkislögreglustjórnin

<http://www.logreglan.is>

Útgefið í janúar 2018



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Umsjón:


Guðbjörg S. Bergsdóttir og Guðrún S. Baldursdóttir

Rannsóknir og þróun




Bráðabirgðatölur um fjölda skráðra afbrota á landsvísi hjá lögreglu á árinu 2017. Í úttektinni eru tölur síðustu ára staðfestar tölur¹ en tölur fyrir árið 2017 bráðabirgðatölur². Um er að ræða hegningarlagabrot, umferðarlagabrot³ og sérrefsilagabrot. **Hegningarlagabrot** voru 12.105 og fjölgaði lítillega á milli ára eða um 8% (7% miðað við síðustu þrjú ár). Fjöldi hegningarlagabrota hefur verið frekar stöðugur frá árinu 2012 þegar þau voru 11.746. **Sérrefsilagabrotum** fjölgar milli ára um 25% og um 21% þegar borið er saman við síðustu þrjú ár. Þetta er mesta fjölgun sérrefsilagabrota milli ára síðustu ár, þar áður var mikil aukning árið 2010, þá um 15%. Fjölgun er í mörgum undirflokkum, m.a. í brotum gegn lyfja- og lyfsölulögum, lögum tengdum atvinnuréttindum erlendra ríkisborgara, vopnalögum, að fyrirmælum lögreglu sé ekki hlýtt o.fl..

Árið 2017 voru **umferðarlagabrot** 69.897. Brot sem tekin voru á sjálfvirkar stafrænar hraðamyndavélar voru um 77% allra hraðakstursbrota sem er aðeins lægra en árið áður þegar það var 80%. Mest aukning á hraðakstursbrotum sem ekki voru tekin á stafrænar hraðamyndavélar voru skráð hjá lögreglunni á Norðurlandi vestra þar sem aukningin var um 123% milli ára og voru brotin 2.800 og eru það flest slík brot þegar miðað er við önnur embætti.



Myndir 1-2. Fjöldi brota árin 2005 til 2017 eftir brotaflokkum og *aukning/fækkun árið 2017 miðað við meðaltal 2014-2016.




Mynd 3. Fjöldi brota árið 2017 eftir brotaflokkum og fjölgun/fækkun miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.

1. Tölur um fjölda brota árin 2005-2016 eru teknar úr afbrotatölfræðiskýrslum ríkislögreglustjóra, sjá: <http://www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi/stadfestar-tolur/arlegar-uttektir/>
 2. Tölur fyrir árið 2017 voru teknar út 03.01.2018 úr málaskrákerfi lögreglu. Miðað er við dagsetningu skráningar brots, þ.e. öll brot sem skráð voru árið 2017 eru talin, burtséð frá því hvenær brotið átti sér stað.
 3. Fjöldi umferðarlagabrota ræðst annar vegar af frumkvæðisvinnu lögreglu og hins vegar af virkni stafrænna hraðamyndavéla sem getur verið breytileg. Nánari tölfræði um stafrænar hraðamyndavélar má sjá á vefsíðu ríkislögreglustjóra: <http://www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi/fraedilegar-rannsoknir/adrar-rannsoknir/>


Fjöldi brota á íbúa

Þegar fjöldi hegningarlaga brota er skoðaður eftir lögregluembættunum nýu má sjá að 79% hegningarlaga brota voru skráð hjá umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og þar á eftir 7% á Suðurnesjum, sjá mynd 4.



Mynd 4. Fjöldi hegningarlaga brota eftir lögregluembættum (röð embætta eftir fjölda hegningarlaga brota árið 2017).

Á mynd 5 má sjá fjölda hegningarlaga brota á hvern íbúa, þ.e. miðað við mannfjölda í hverju umdæmi fyrir sig. Árið 2017 voru flest hegningarlaga brot á hverja 10 þúsund íbúa skráð á höfuðborgarsvæðinu eða 437 brot. Það er aukning milli ára. Mest aukning milli ára á hvern íbúa var á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Mest fækkun hegningarlaga brota á hvern íbúa var í Vestmannaeyjum.




Mynd 5. Fjöldi hegningarlaga brota á hverja 10 þúsund íbúa⁴ árið 2017, greint eftir lögregluembættum (röð embætta eftir fjölda íbúa).

4. Mannfjöldatölur miða við 1. janúar ár hvert.

Fíkniefnabrot og magn fíkniefna

Þegar litið er til samanburðar á fjölda fíkniefnabrot⁵ árið 2017 miðað við meðaltal áranna 2014 til 2016 má sjá að brotum hefur fjölgað í tveimur stærstu undirflokkunum, hlutfallslega mest í flutningi fíkniefna milli landa en fækkað í þremur, mest í framleiðslu (hlutfallslega mest í „ýmislegt“).

Þegar 2017 er borið saman við 2016 má sjá að heildarfjöldi fíkniefnabrotanna jókst töluvert milli ára eða um 16% en um 7% þegar litið er til meðaltals síðustu þriggja ára.



Mynd 6. Fjöldi fíkniefnabrotanna árin 2014 til 2017 eftir brotaflokkum og fjölgun/fækkun árið 2017 miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.

Magn fíkniefna

Haldlagt var töluvert meira magn af kókaíni í mun fleiri málum árið 2017 (266 mál) en 2016 (167 mál). Einnig var haldlagt mikið magn af hassi en stærsta staka haldlagning ársins 2017 innihélt hass, 23.424 gr., þar sem Ísland var viðkomustaður en ekki ætlaður áfangastaður fyrir efnin. Meira magn af amfetamíni og e-töflum var einnig haldlagt árið 2017 heldur en árið á undan. Minna var haldlagt af maríhúana árið 2017 heldur en þrjú ár þar á undan en

Tafla 1. Fíkniefni sem lagt var hald á af lögreglu og tollgæslu árin 2013 til 2017⁶.

Fíkniefni	2013	2014	2015	2016	2017
Hass (g)	680	1.329	9.353	6.097	24.204
Kannabisplöntur (stk.)	6.669	4.065	4.094	3.232	5.005
Kannabisplöntur (g)	47.512	12.914	7.221	12.805	19.997
Maríhúana (g)	32.871	63.571	52.049	43.874	33.113
Kannabislauf (g)*	47.241	21.440	49.036	30.008	23.003
Kannabisstönglar (g)*	7.831	3.260	11.991	12.815	10.013
Amfetamín (g)	34.189	4.784	32.849	9.838	12.776
Methamfetamín (g)	81	105	343	1.014	450
Kókaín (g)	2.535	1.736	9.738	8.035	26.474
E-töflur (g)	116	149	11.003	2.059	4.583
E-töflur (stk.)	14.824	1.454	213.660	2.258	2.036
Heróín (g)	1	0	0	0	2
LSD (stk.)	115	2761	741	427	4

*Bráðabirgðatölur 03.01.2018

Athuga skal að eitt eða fleiri stór fíkniefnamál geta haft mikil áhrif á heildartölur þess árs sem málið kemur upp. Í þessari úttekt kemur styrkur efna ekki fram.

5. Stórfelld fíkniefnabrot meðtalin.

6. Bráðabirgðatölur miða við magn sem hefur verið vigtað þegar úttekt gagna fór fram.

